



12. febrúar 2026

Tilv.: 2405105

Dreifibréf nr.: 5/2026

Til: Fjármálafyrirtækja

Efni: Niðurfelling leiðbeinandi tilmæla nr. 3/2008 og 2/2011

Seðlabanki Íslands vekur athygli á því að leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2008 um störf endurskoðunardeildar fjármálafyrirtækja og leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2011 um undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtækjum hafa verið felld úr gildi.

Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal í fjármálafyrirtæki starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun. Samkvæmt 5. mgr. sama lagaákvæðis getur fjármálaeftirlitið með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrar einstakra fjármálafyrirtækja, veitt undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða frá einstökum þáttum starfsemi þeirra og sett þeim fyrirtækjum sérstök skilyrði sem slíka undanþágu fá.

Um innri endurskoðun hjá fjármálafyrirtækjum fer einkum samkvæmt 16. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Nánar er fjallað um innri endurskoðun fjármálafyrirtækja og þau viðmið sem hún ætti að fylgja í 5. þætti viðmiðunarreglna EBA um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (EBA/GL/2021/05). Þar kemur meðal annars fram að innri endurskoðun fjármálafyrirtækja ætti að fylgja innlendum og alþjóðlegum fagstöðlum og er vísað til staðla sem settir eru af alþjóðasamtökum innri endurskoðenda (e. Institute of Internal Auditors, IIA). Sjá nánar á heimasíðu [Seðlabankans](#).

Þegar innri endurskoðun er útvistað skal taka mið af viðmiðunarreglum EBA um fyrirkomulag útvistunar (EBA/GL/2019/02). Frekari upplýsingar um kröfur um innri endurskoðun fjármálafyrirtækja ásamt því hvernig sækja skuli um undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar má finna á heimasíðu [Seðlabankans](#).

Niðurfelling leiðbeinandi tilmælanna er liður í einföldun á regluverki og framkvæmd fjármálaeftirlits. Niðurfelling tilmælanna felur þó ekki í sér að dregið sé úr kröfum um innri endurskoðun fjármálafyrirtækja.

Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Björk Sigurgísladóttir
varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirlits

